

# Skólaráð

---

Skólaráð 16.10.2012 kl. 8:10

25. fundur

**Mættir:** Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri, Sif Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Sigurbjörg, fulltrúi foreldra, Hildur Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara, Ragnheiður Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Sverrir Kristinsson, fulltrúi nemenda og Vilborg Harðardóttir, fulltrúi nemenda. Pálmar Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags var fjarverandi.

## **Funda- og starfsáætlun skólaráðs fyrir 2012-2013:**

- Unnin var funda- og starfsáætlun skólaráðs og ákveðið að fundatími yrði á þriðjudögum kl. 8:10 og næsti fundur yrði 30. október. Þeirri spurningu var velt upp hvort halda ætti skólaþing á vordögum. Samkv. reglugerð er gert ráð fyrir einum slíkum fundi á ári.

## **Kennslumagn og kennsluskipulag:**

- Hrönn fór yfir það helsta sem viðkemur skipulagi skólaársins. Í ár stunda 406 nem nám við skólann í 20 bekkjardeildum. Það eru 3 nemendur í einhverfudeildinni. Úthlutaðir tímar í kennslu eru 891 og er allar kennslustundir fullnýttar. 10. bekkur er núna í sundi og þurftu allir sundkennarar bæjarins að taka sérstakt sundpróf til að fá að kenna sund.

## **Starfsmannahald:**

- Hrönn fór hvernig skólinn er mannaður. Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Margrét Ólöf Jónsdóttir deildarstjóri á unglíngastigi og 7. bekk ásamt kennslu, Hafdís Ásgeirsdóttir deildarstjóri yngra og miðstigs ásamt kennslu, Kolbrún Björnsdóttir námsráðgjafi, Magnús Már Júlíusson tölvuumsjón. Einnig sagði hún frá hversu margir kennarar 32, 5 stuðningsfulltrúar, 8 skólaliðar væru starfandi við skólann.

## **Áherslur vetrarins eru:**

- Innleiðing nýrrar námskrár. Við erum að vinna með grunnþættina og munum m.a fá fyrirlesara frá Skólaskrifstofunni. Fagheftin koma rétt fyrir jól en gert er ráð fyrir að þemaheftin komi fyrr. Gert er ráð fyrir að fagstjórar verði með fundi í hverju fagi. Námsmatið verður tekið með vorinu.

## **Staða þróunarverkefna:**

- Þróunarverkefnið Læsi og námsvitund heldur áfram. – Gagnvirkur lestur, yndislestur, hraðlestur, orð af orði hugtakakort.
- Nóvember er mánuður læsis. Þá verða lestrarsprettir og leshópar. Rithöfundar koma í heimsókn, það verður fyrir öll aldurstig. Unnið verður með bókmenntir í öllum árgöngum. Ekki verða lestrarvinir í ár heldur árgangavinir til að þétta árgangana og gera þeir eitthvað sér til skemmtunar saman mánaðarlega. Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember og þá er upphafið á stóru og litlu upplestrakeppninni.

# Skólaráð

---

- **PALS** er nýtt verkefni sem verið er að innleiða í skólann og tekur það um 12 vikur fyrsta árið en síðan 8 vikur árlega 3 kennslustundir á viku. Þör að lesa saman er lestrarþjálfunaraðferð.
- Bekkjargundir- hugmynd frá Vilborgu að þeim fundum yrði stjórnað af nemendum.
- Stöndum saman- forvarnir gegn einelti.

## **Valgreinar í unglingsdeild skólaárið 2012-2013:**

- Lögð var mikil vinna í samstarf við Lækjarskóla varðandi valgreinar en sú vinna skilaði sér ekki sem von stóð til. Raunin varð sú þegar val nemenda var flokkað að þeir voru að mestu í sínum skóla og svipað af sameiginlegum valgreinum og áður þ.e.a.s. í stærðfræði 103 og ensku 103.

## **Fagstjórar og teymi:**

- Hrönn fór yfir öll teymin og hverjir væru í þeim og ætlar að senda fundarmönnum afrit af því.

## **Haustfundir – námskynningar:**

- Allir haustfundir og námskynningar fóru fram í september. Unglingafærni námskeiðið varð að fella niður sökum ónógrar þátttöku. Skólafærni námskeiðið fyrir 1. bekk gekk hins vegar vel.

## **Heimasíðan:**

- Er í sérstaklega góðu standi og það er Bylgja Björnsdóttir sem er ritstjóri hennar.

Allar kennsluáætlanir er komnar þar inn og það er verið að vinna í skólanámskránni **Önnur mál:**

- Viðhald á skólahúsnæðinu var meira en vanalega í sumar en álag á húsvörðinn er mikið og það veldur óánægju hversu yfirhlaðinn hann er. Hann sinnir einnig leikskólum hverfisins. Mjöll kom með þá tillögu að samráð yrði við leikskólastjórana um að húsvörðurinn yrði á ákveðnum stöðum á ákveðnum dögum.
- Annars voru fundarmenn almennt ánægðir með upphaf vetrarins og það hversu mikill stöðugleiki væri í skólanum.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið kl. 9:30.

Ragnheiður Ásmundsdóttir ritaði fundargerð.